# Næturganga




INGIBJÖRG HARALDSDÓTTIR

Hvítasunnuleikrit Sjónvarpsins var að þessu sinni **Nætur - ganga** eftir Svövu Jakobsdóttur, leikstýrt af Stefáni Baldurssyni. Leikritið er að nokkru leyti byggt á sannsögulegum heimildum, atburðir svipaðir þeim sem þar er lýst gerðust í raun og veru í Árnessýslu fyrir rúmum sjötíu árum.

**Næturganga** er saga um uppreisn. Um vinnukonu sem neitar að láta kúga sig lengur. Boðskapur verksins er tær og auðskilinn og samúð höfundar með vinnukonunni fer ekki á milli mála. Hér er um að ræða verk í ósviknum þjóðfélagslegum raunsæisanda. Slík flokkun skiptir þó ekki meginmáli, heldur hitt, að hér er á ferðinni verk sem við höfum lengi beðið eftir, verk sem uppfyllir margar af þeim kröfum sem við verðum að gera til íslensks sjónvarpsefnis: það segir okkur mikið um okkur sjálf og sögu okkar í þessu landi, það er vandað að allri gerð, það er listaverk.

Við höfum lifað ótrúlega byltingu á skömmum tíma. Ég efast ekki um að mörgu ungu fólki hafi þótt það mannlíf sem lýst er í **Næturgöngu** afar fjarlægt og óraunverulegt, og samt eru 70 ár ekki nema ein mannsævi. Þegar atburðarás sögunnar er svona hröð hlýtur að vera hætta á að tengslin við fortíðina rofni og fólkið í landinu sitji uppi sögulaust. Líti í besta falli á söguna sem einhvern geirfugl á safni og í versta falli sem eitthvað til að skammast sín fyrir og gleyma. Þessvegna eru listaverk einsog **Næturganga** okkur lífsnauðsyn.

Þótt Svava Jakobsdóttir sé ekki frægust fyrir raunsæisverk í hefðbundnum stíl sýnir hún hér svo ekki verður um villst að hún kann þá kúnst líka. **Næturganga** er vel sögð saga. Persónurnar eru hver annarri betri, einkum aðalpersónurnar fjórar, hjúin Guðný og Ólafur og húsbændur þeirra Valborg og Valdimar. Í þeim kvartett eru margir strengir á hverju hljóðfæri. Og einsog vera ber eru margar sögur sagðar í **Næturgöngu.** Baráttusaga, ástarsaga, saga um sálardrepandi vinnuþrælkun og ánægjusnautt líf, ófullnægðar þrár, beiskju, mannlegt umkomuleysi... Hér er enginn alvondur – nema þá helst þjóðfélagið sem bæklar þegna sína.

Stefán Baldursson leikstýrir af smekkvísi og kunnáttu. Einu atriðin sem mér fundust dálítið vandræðaleg voru útiatriðin þar sem börn eru að leik á Eyrarbakka, drengir veitast að Ólafi með kerskni og telpa lætur uppi skoðun móður sinnar á kæru Guðnýjar. Mér fannst vanta svolítið upp á að börnin væru eðlileg og umhverfið sannfærandi. Innanhússleikmyndirnar var ég hinsvegar fyllilega sátt við, bæði á Ytri-Mýri og Eyrarbakka.

Kvikmyndatakan var hefðbundin og hæfði vel innihaldi verksins. Tónlist Áskels Mássonar þótti mér einnig vel við hæfi.

En myndin stendur og fellur með leikurunum, það á víst aldrei eins vel við og þegar um er að ræða raunsæisleikrit á borð við **Næturgöngu.** Edda Heiðrún Backman leikur Guðnýju af þrótti og innlifun, fullkomlega trúverðug sem skynsöm alþýðustúlka með ríka réttlætiskennd og heitt skap. Þór H. Túliníus var henni verðugur mótleikari, „bæði fallegur og skemmtilegur" einsog Guðný segir um Ólaf. Það er verulega gaman að fylgjast með þróun Ólafs, sem Þór sýnir mjög vel, hvernig hann lætur almenningsálitið og „venjuréttinn" buga sig en lyftir sér loks upp úr því feni og skilur hvorum megin rétturinn er. Það má ekki á milli sjá hvort Guðný eða ljóð Þorsteins Erlingssonar hafa meiri áhrif á hann þegar upp er staðið.

Hjónin á Ytri-Mýri eru leikin af Helgu Bachmann og Helga Skúlasyni. Mér þótti mikið koma til Helgu í hlutverki Valborgar. Hún er beisk kona og ófullnægð, bælir inni góðu tilfinningarnar en lætur þær vondu brjótast fram þegar henni finnst Guðný ráðast gegn sér. Það er hún sem bregst af mestu offorsi við uppreisn vinnukonunnar, ekki bara vegna þess að hún þarf að taka á sig vinnu sem Guðnýju var ætluð, heldur finnst henni hún sjá grundvöll tilveru sinnar bresta. Hún bregst við á stéttarlegan hátt – valdi hennar er ógnað. Hitt kemur líka fram í myndinni, að vald húsfreyjunnar er takmarkað. „Þú hefur vald," segir Guðný þar sem þær sitja við vinnu sína að næturlagi. „Er ekki hægt að fá svefnfrið?" baular þá húsbóndinn úr fleti sínu og þaggar niður í kvenfólkinu.

Valdimar bóndi er vinnuþjarkur og harðstjóri en verður aldrei beinlínis að illmenni í meðförum Helga, enda ekki til þess ætlast. Hann er mjög tortrygginn í garð bókmennta og yfirleitt alls þess sem gerir mannlífið ánægjulegra. Lífið er enginn rósadalur í hans augum. Viðhorf hans koma einstaklega vel fram við réttarhöldin þar sem hann er fulltrúi svartasta afturhalds andspænis þeim nýju straumum sem Guðný og sýslumaðurinn persónugera.

Sigurður Karlsson gerir sýslumanninum góð skil – hann er maður nýja tímans og hefur lúmskt gaman af uppreisn vinnukonunnar þótt ekki sé þar með sagt að hann yrði svona skilningsríkur ef uppreisn yrði gerð á hans eigin heimili. Sigríður Hagalín

# Of mikið (af því góða)

**Gríniðjan sýnir í Gamla bíó:**
**BRÁVALLAGATAN – ARNARNESIÐ eftir Eddu Björgvinsdóttur, Júlíus Brjánsson og Gísla Rúnar Jónsson.**
**Leikstjóri: Gísli Rúnar Jónsson**
**Leikmynd og búningar: Björn Björnsson**
**Ljósahönnun: Jóhann Pálmason**
**Leikendur: Edda Björgvinsdóttir, Júlíus Brjánsson, Bessi Bjarnason, Jóhann Sigurðsson, Kjartan Bjargmundsson, Bríet Héðinsdóttir, Rúrik Haraldsson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir**

Það er rétt sem Gísli Rúnar Jónsson, höfundur, leikstjóri og driffjöður Gríniðjunnar, segir í leikskrá sem fylgir Brávallagötunni – Arnarnesinu sem frumsýnd var í Gamla bíói fyrir hálfum mánuði tæpum; farsar eru „vandasamasta formið". Farsar eru erfiðir viðfangs, farsabrögðin krefjast af listamanninum ríkulegs kaldlyndis, miskunnarlausrar dómgreinar. Fyndin hugmynd hversu erfið sem hún er í framkvæmd í hröðum atgangi farsans og áhrifamikil á hláturtaugina krefst hárfinnar nákvæmni, tímasetningar sem oftast byggir á sekúndum, stillingar sem ýmist lærist eða er meðfædd. Aðeins þá kemst farsinn á hástigið. Á hinn bóginn er alltaf nóg framboð af farsakenndum leik, ýktum og grófum skopleik sem skreytir sig farsanafninu, stærir sig með því og hefur löngum varpað rýrð á þetta viðkvæma listform.




PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Gríniðjan hefur nú um langan aldur lagt sig eftir að ná tökum á þessu formi og oft tekist það dásamlega vel mönnum og skepnum til óbætanlegs heilsutjóns. Þau eru fá, semja sitt efni sjálf, leika og leikstýra. Viðfangsefni þeirra eru alla jafna á jaðri þess galna, taugaspennt skop sem hleypur stöku sinnum alveg yfir í fáránleikann. Þau virða oftast umhverfi sitt, aldrei eru þau meiðandi og gamansemi þeirra alla jafna græskulaus. Þau nota talsvert mikið sömu trikkin í gamanleik sínum, eru ekki hugkvæm á nýsmíði í sjónrænu skopi en hafa sýnt ríkulegt hugvit í textasköpun.

Allt þetta má sjá í síðustu afurð þeirra, leiknum um Bibbu og Halldór í Arnarnesinu. Áhorfendur skemmta sér líka ágæta vel á leiknum. Gríniðjan hefur nú leikið hann nokkrum sinnum og hefur þegar afsannað kenningu stóru starfseininganna í leikhúslífinu að áhorfendur fúlsi við sýningum fyrri hluta vikunnar. Og seint verður nóg ítrekuð nauðsyn þess að hér starfi hópur sem hefur dirfsku til að reka leiksýningar sem sækjast eftir hylli fjöldans.

Arnarnesaktið er samið eftir farsaformúlum. Í verkinu er ekkert frumlegt, en farið prýðilega með grunneiningar farsaleiksins, fléttan er hæfilega flókin, nógu mikið um rugling og misskilning, andstæða hagsmuni, útgangar nægir, gervin skrautleg, atburðarásin hröð, samtökin full af skringilegum athugasemdum og

# Blekkingin afhjúpar sannleikann

**Listasafn Reykjavíkur sýnir að Kjarvalsstöðum málverk eftir Helga Þorgils Friðjónsson, 6.-21. maí.**

Það býr undarleg tvíræðni í myndum Helga Þorgils Friðjónssonar sem gerir það að verkum að áhorfandinn veit við fyrstu sýn ekki nákvæmlega hvað það er í myndinni, sem hann á að taka í alvöru, og hvað hann á að taka sem grín. En tvíræðnin felst ekki bara í óljósum mörkum gamans og alvöru, hún er grundvallaratriðið í þeirri aðferð sem Helgi beitir við málverkið: blekkingin og sjónhverfingin eru þar meðvitað notuð til þess að afhjúpa sannleikann. Þar gengur Helgi þvert á þá þróun sem átt hefur sér stað í vesturlenskri myndlist allt frá því að impressíónistarnir áttuðu sig á því á síðustu öld, að það var ekki viðfangsefni listarinnar að endurskapa hinn ytri veruleika, heldur að gera mynd af þeim hughrifum sem hann olli innra með listamanninum. Upp frá því sagði vesturlensk myndlist endanlega skilið við náttúruna sem sérstakt viðfangsefni. Hún þjónaði í besta falli sem tæki til þess að miðla innri hughrifum og hugmyndum. Síðan hefur saga myndlistarinnar einkum einkennst af því, að menn hafa reynt að forðast þá augljósu blekkingu og sjónhverfingu sem felst til dæmis í því, að leitast við að mála á trúverðugan hátt speglun í vatni, skugga í skýjum o.s.frv. Sjónhverfingin eða blekkingin hefur mátt víkja fyrir hrárri og þeinskeittari meðulum, þar sem viðfangsefnin hafa ýmist verið að draga upp einskonar mynd af innri veruleika og hughrifum (expressíónismi, abstrakt-expressíónismi, súrrealismi), eða að rannsaka innri byggingu og rök hins fullkomna forms eða sjálfar formforsendur listarinnar, (konstrúktífismi, fúnksjónalismi, konkret-list, mínimalismi, konsept-list o.s.frv.). Blekkingin eða sjónhverfingin var í báðum tilfellum ef ekki bannorð, þá að minnsta kosti feimnismál, sem menn létu sem minnst á bera (nema hjá súrrealistunum, sem afneituðu hlutveruleikanum með því að setja sjónhverfinguna á oddinn). Myndlistin átti ekki að þurfa á leiktjöldum að halda, hún átti að vera hrein og bein og laus við allan óþarfa og tildur.

Helgi Þorgils Friðjónsson er að vísu ekki að fást við það í myndum sínum að endurskapa náttúruna í sinni mynd, en hann notar ýmis tákn og fyrirbæri úr henni sem leiktjöld á aldeilis ófeiminn hátt, og gefur þar með ofangreindri hreinlífisstefnu langt nef: hann málar samviskusamlega speglun ávaxtanna í vatninu og fjarvíddina við sjóndeildarhringinn og skugga skýjabólstranna og hann setur naktar, stjarfar og kuldalegar persónur með skýrt mótaða líkamsdrætti inn í þetta landslag á svo sannfærandi hátt að áhorfandinn spyr sig við fyrstu kynni: ætlast maðurinn til þess að við trúum þessu?

Það er megineinkenni allrar góðrar listar, að hún getur ekki logið. Sem þýðir jafnframt að öll góð list búi yfir einhverjum sannleika. Viðfangsefni listgagnrýninnar er ekki síst í því fólgið að leitast við að nálgast þennan sannleika með tungumálinu. Vandinn er hins vegar fólginn í því að sannleikur listarinnar byggir ekki á rökfræðilegum forsendum: það er ekki hægt að leysa hann eins og jöfnudæmi upp í frumþætti sína og segja síðan 2+2=4. Á meðan rökfræðin og heimspekin fást við að skilgreina það sem hægt er að segja, þá glímir listin við að segja hið




ÓLAFUR GÍSLASON

ósegjanlega. Sannleikur listarinnar á sín vé handan við vettvang rökfræðinnar, og þess vegna er það að blekkingin er, þrátt fyrir allt, jafn óhjákvæmileg í listinni og hún er forboðin í rökfræðinni. Því endanlega grípur listin alltaf til blekkingarinnar til þess að afhjúpa sannleikann. Listin er sviðsettur og tilbúinn veruleiki. Helgi gengur meðvitað út frá þessari forsendu í málverki sínu. Í stað þess að fela meðul sín eða takmarka þau sem frekast má (eins og mínimalistar, konseptlistamenn, nýdadaistar og fleiri leitast við að gera), þá gerir hann leiktjöldin meðvitað að inntaki verksins. Við sjáum ekki landslag (land-art), heldur tilbúna mynd af landslagi. Við sjáum ekki lifandi fólk í þessu landslagi (happening), heldur myndir af stjörfum mönnum og konum. Það liggur ákveðin þversögn í því, hvað þessar myndir þykjast vera eða gefa í skyn, og hvað þær eru í raun og veru. Í þessari þversögn, þessari tvíræðni, er jafnframt fólginn kjarni þess máls, sem myndir Helga segja okkur. Við getum séð í þessum myndum vissa firringu listarinnar frá hlutveruleikanum, frá lífinu ef því er að skipta. En þar sem þessi firring er sett fram á mjög meðvitaðan og allt að því ögrandi hátt, þá kallar hún jafnframt fram vitundina um hið gagnstæða. Í þessu sambandi er forvitnilegt að bera myndir Helga saman við trúarlega barokklist 17. aldar. Í kirkjulist barokktímans var megináhersla lögð á kunnáttu í eftirlíkingu og sjónhverfingu. Listamennirnir notuðu þessa hæfileika sína hins vegar ekki til þess að hefja náttúruna og hlutveruleikann til skýjanna, heldur frekar til hins gagnstæða: eftirlíkingin átti að taka raunveruleikanum fram ef eitthvað var og leiktjöld listarinnar gegndu því tvíræða hlutverki að gylla hina fyrirheitnu sæluvist á himnum með jarðneskum meðulum. Þannig gerði þessi myndlist hvort tveggja í senn að sefa og espa dauðaangistina á þeim tíma þegar kirkjan boðaði að lífið væri einungis biðsalur eilífrar sælu himnanna.

Sumar myndir Helga (eins og t.d. myndin „Fæðing - Nýtt land") minna undarlega á barokktímann: drengirnir sem koma dansandi/svífandi upp úr sápuskálinni (sem er jafnframt eins og hörpuskel Venusar og því tvöfalt hreinleikatákn) eru eins og færandi barokkenglar, berandi með sér ávexti jarðar og hreint vatn í könnu, sem þeir hella í vötn hins nýfædda lands. Maðurinn sem svífur stjarfur yfir landinu nýja er eins og í dái og við sjáum hér fyrir okkur fæðingu fyrirheitna landsins eftir að búið er að gera jörðina að rotnandi bæli eitraðrar moldar og úldinna vatna. Slík draumsýn á því miður engan rétt á sér. Ekkert bendir til þess að jörðin muni endurfæðast í hreinleika fyrir tilverknað færandi engla. Helgi er að vísu ekki að segja okkur svo augljósar staðreyndir. En meðvituð framsetning þessarar draumsýnar vekur engu að síður strax vitund okkar um þá þversögn og þá tvíræðni sem í henni er fólgin. Glettið og stundum gáskafullt yfirborð í myndum Helga á sér þannig tragískan undirtón, sem er einkenni allrar meðvitaðrar hermilistar. Það er á þessum tvíræðu mörkum sem Helgi leikur listir sínar með penslinum. Þar hefur hann komið með nýtt og ferskt blóð inn í íslenska myndlist. Sýning hans að Kjarvalsstöðum er viðburður, sem áhugafólk ætti ekki að láta fram hjá sér fara.